



## Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Áhaldahús/höfn/sorpsamlag

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: Apríl 2023

### 1. Verkefni í undirbúningi:

- Klára að setja búnað sem stjórna dælum í vatnsveitu (gamli búnaður bilaður)
- Skoðað með færslu tækja á Lillaróló vegna byggingar sem þar á að koma.
- Beðið eftir kynningarefnum frá bæði úrvinnslusjóð og umhverfisstofnun vegna sorpmála.
- Útskipting á keðjum við flotbryggjur. (sumar orðnar tæpar)

### 2. Verkefni í vinnslu:

- Gerð svæðisáætlunar vegna nýrra laga um sorpmál sem tóku gildi 1. Janúar 2023 (í vinnslu fyrir vestfirði).
- Fundir og samningar vegna sorpmála beðið eftir tilboðum tunnur fyrir sorp og endurvinnslu umbúðir. (beðið ákvörðunnar).
- Unnið vegna átaks clean up Iceland (vegna hreinsunnar í fjörum).
- Ýmsar smá lagfæringar fyrir deildir sveitarfélagsins.
- Gerð skýrslu 5.4. til umhverfisstofnunnar vegna ársins 2022.
- Ýmis atriði vegna strands Wilson Skaw.
- Unnið í fleiri lausnum vegna sorpmála.
- Athuga með verktaka fyrir ýmis verkefni í sumar.
- Rif og hreinsun búnaðar í Grunnskólanum vegna myglu sett í geymslu og hent.
- Undirbúningur vegna drengs við Grunnskólann
- Undirbúningur vegna verkefni í sumar.
- Ljós kominn fyrir félagsheimili uppsetning með rafvirkja.

### 3. Verkefnum lokið

- Setja loftaplötur Höfðagötu 3 inná skrifstofur (í bið).
- 

### 4. Annað:

Önnur föst verkefni fyrir deildir sveitarfélagsins tekið rusl farið með pakka, farið með mat, fylgst með vatnsnotkun og dælum vatnsveitu, vigtað úr bátum. Eins mörg önnur smáverk.

## Íþrótt- og tómstundafulltrúi

Íþróttamiðstöð – Tjaldsvæði – Ozon – Félagsstarf eldri borgara –



## Ungmennahús – Vinnuskóli – Sumarnámskeið- Hamingjudagar

### *Hrafnhildur Skúladóttir*

#### Fyrirhuguð verkefni:

- Samfestingurinn sem er 4000 ungmenna skemmtun í Laugardalshöll verður nk föstudag. Þangað förum við með 7 ungmenni í samstarfi við Reykhóla og Dalabyggð.
- Taka til á tjaldsvæði og gera klárt fyrir opnun. Þarf að grisja runna ofl.
- Árleg sundpróf og laugarbjörgunarnámskeið verða haldin í lok maí.
- Klára gufubað.

#### Verkefni í vinnslu:

- Skipulag sumarstarfs er langt komið.
- Fjárhagsuppgjör Erasmus+ verkefnis og skýrslugerð. Uppgjörsmál eru langt komin. Möguleg seinni ferð sem styrkur fékkst til. Er í skoðun
- Áframhaldandi endurbætur í Íþróttamiðstöð. Verkefnastjórnun og utanumhald. Gler í þakglugga er á leiðinni og verður sett í þegar það berst.
- Tilboð fékkst í sjálfsafgreiðslukerfi fyrir þvottavél og þurrkara. Það er frekar dýrt en gæti borgað sig upp á ca tveimur árum.

#### Verkefnum lokið

- Skáknámskeið fyrir öll grunnskólabörn sl föstudag. Gekk vel.
- Samstarfsdagar unglinga og eldri borgara, á Hólmavík, á Reykhólum og í Búðardal. Mikil gleði og hamingja með allt það samstarf á alla kanta.
- Aðalfundur FÍÆT í Stykkishólmi. Þar var ýmislegt rætt og skoðar. Heilsueflandi bæjarfélag, barnvænt samfélag, frísbíggolf, útihreystibraut, klórsparnaður með klórfelliefni beint í laug, skiptitjöld í salinn, klifurveggur, útfærsla á tjaldsvæðum ofl. Mjög áhugaverður og fræðandi fundur.
- Aðalfundur Samfés á Egilsstöðum. Þar bar hæst að þrjár nýjar félagsmiðstöðvar voru teknar inn í Samfés, allar til að þjóna fötluðum. Virkilega jákvætt. Fundarfólki var tíðrætt um ofbeldi í samfélaginu og hvernig við þurfum öll að standa saman til að sporna við því með tiltækum ráðum og nú sérstaklega fyrir Samfestinginn, Samfésballið um næstu helgi.
- Sumarráðningum er gott sem lokið. Sumarið lítur ágætlega út.
- Maraþon dósasöfun til að safna fyrir Samfestingsferð. Gekk vel.



## Leikskólinn Lækjarbrekka – Grunnskólinn á Hólmavík – Tónskólinn á Hólmavík Hrafnhildur Guðbjörnsdóttir

**Maí 2023**

Verkefni á frumstigi:

- Frágangur námsmats, ársskýrslur- Kennarar
- Frágangur á starfsstöðvum-starfsfólk

Verkefni í vinnslu:

- Starfsauglýsingar grunnskóla fyrir skólaár 2023-2024
- Ársskýrsla, skóladagatal og starfsáætlun 2023-2024, samstarf leik-, grunn-, tónskóla.
- Starfsmannaviðtöl- einstaklingsviðtal við hvern starfsmann, lýkur í byrjun maí
- Samstarf skólanna á Hólmavík, Drangnesi, Reykhólum og Búðardal. Áætlun næsta árs
- Farsæld barna, farsældarlög, hlutverk skóla. Fundur 10. maí.
- Þrif á búnaði og tækjum sem taka má úr skólahúsnæði, skv. verkferlum EFLU.
- Vinna vegna flutnings á munum og búnaði úr húsnæði skólans á Skólabraut í notkun, í geymslu eða til förgunar.
- Vinna vegna varðveislu gagna, kennslubúnaðar og muna úr grunnskóla.
- Skipulag kennslu skólaárið 2023-2024. Staðsetningar og fleira tengt.
- Leikskóli-Listakot. Ábyrgð Skólastjóri, Áhaldahús, tengja vask, pípulögn
- Formgera áætlun fyrir bráðger börn. Ábyrgð: Skólastjóri, deildarstjóri sérkennslu.
- Endurskoðun jafnréttisáætlunar. Ábyrgð Skólastjóri, jafnréttisfulltrúi.
- Endurskoðun námsvísa. Lok verkefni 15. maí, kynning í maí -júní

Verkefni á ársvísu:

- Lærdómssamfélag leikskóla, 8 leikskólar styrkur úr sprotasjóði
- Skólahúsnæði, bætt aðstaða til náms og leiks.
- Heimasíða, endurskoðun.
- Mentor og Karellen – innleiðing.
- Samstarfsverkefni Grsk. Drangnesi og Grsk. Hólmavík, Samstarfsdagar/kennslusamstarf.
- Valgreinaskóli samstarfsverkefni um valgreinakennslu á netinu.

Verkefnum lokið:

- Ráðstefna Ásgarðs og LærVest á Grand Hótel, kynning á fyrirmyndarverkefnum.
- Íbúafundur fræðsla um myglu með sveitarstjórn og EFLU verkfræðistofu.
- Móttökuáætlun fimm ára hóps, vor 2023.
- Samstarf komandi skólaárs á Hólmavík og Drangnesi. Gengið frá því í maí.
- Leiðsagnarnám/leiðsagnarmat -innleiðing með ráðgjöf. Lýkur 15. maí
- LærVest – lærdómssamfélag sex skóla á Vestfjörðum. Lokið skólaár 2022-2023.



## **Salbjörg Engilbertsdóttir skrifstofustjóri**

### **Apríl**

#### **Verkefni unnin:**

- Bókhald fært út mars fyrir Strandabyggð og út febrúar fyrir Hornsteina og Sorpsamlag
- Vsk skil fyrir Strandabyggð, Hornsteina og Sorpsamlag 5. apríl
- Afstemmingar og leiðréttingarvinnu lokið um miðjan mars, ári lokað og gögn send til endurskoðanda. Uppgjöri og endurskoðun lokið í lok apríl en beðið er eftir ársreikningum samstarfsfélaga til að ljúka ársreikningagerð fyrir Strandabyggð.
- Skráði fjárhagsáætlun 2023 í bókhaldskerfi DK
- Boðaði nefndarfundir og sveitarstjórnarfundir, sendi út svör eftir sveitarstjórnarfundum og ritaði fundargerð
- Skil á hreyfingarlistum til lánadrottna og viðskiptavina og köllun eftir því sama hjá lánadrottnum til afstemmingar
- Launavinnsla hver mánaðarmót, greiðslur og skil á sköttum og sjóðum
- Innheimta fasteignagjalda og annarar innheimtu fyrir Strandabyggð, Hornsteina og Sorpsamlag
- Sumarskipulag, orlofsdagatöl fyrir deildir og skráning
- Viðtöl við umsækjendur um sumarstörf á skrifstofu, fundir með öðrum forstöðumönnum v.sumarstarfa
- Flutningur skóladóts sem komið er fyrir í kjallara ráðhúss

#### **Verkefni framundan:**

- Vsk uppgjör og afstemming v. Strandabyggðar, Sorpsamlags, Veitustofnunar og Hornsteina
- Endurskoðun og uppgjör, senda afrit af gögnum til KPMG og svara fyrirspurnum
- Bókhald í apríl og innheimta
- Jafnlaunavottun, kynning til launamanna þ.e. þegar staðfest vottun kemur frá lcert. Enn beðið eftir skilum frá vottunaraðilum en skv. þeim er vottunin klár okkar megin þ.e.
- Sorpsamlag og nýjar reglur, breytingar í sorpflokkun, upplýsingar til notenda
- Uppfæra verkferla og bæta við nýjum og fleiri v. vinnu á skrifstofu
- Móttaka og kennsla starfsmanns sem verður hjá okkur í sumarafleysinum
- Ráðningarsamningar og skráningar v. sumarstarfsmanna
- Vorfundur SSSFS á Patreksfirði 3.-5. Maí
- Sumarfrí að mestu leyti frá 16. maí-26. Júní nk.

#### **Venjubundin verkefni á mínu borði og unnin eru dag, viku og eða mánaðarlega.**

- Svörun fyrirspurna, upplýsingar til sveitarstjórnar og afgreiðsla mála í samvinnu við sveitarstjórn
- Boðun sveitarstjórnarfundum í samvinnu við oddvita og sending fundargagna. Fundarritun.
- Afstemmingar launa og bókhalds og launatengdra gjalda reglulega. Launamiðum launþega skilað í janúar
- Afstemmingar lánadrottna reglulega og verktakamiðum skilað í janúar/febrúar
- Greiðslur til lánadrottna og bókun innsendra reikninga
- Færsla innborgana og útgjalda og afstemmingar bankareikninga mánaðarlega
- Afstemmingar og leiðréttingar á deildum ef þarf
- Skil á aðalbók reglulega til deildarstjóra, upplýsingagjöf og samskipti við þá
- Vsk. uppgjör á tveggja mánaða fresti, afstemmingar og leiðréttingar
- Samskipti og skil við stofnanir t.a.m Fjársýslu, Hagstofu, Skattstjóra og innheimtumenn ríkissjóðs
- Uppgjör, ársreikningur og endurskoðunarvinna. Árlega í jan-maí



## Félagsmálastjóri, apríl 2023

Ýmsar breytingar eru á döfinni hjá Félagspjónustunni sem eru ennþá óljósar en munu koma betur í ljós fljótlega. Félagsmálastjóri hefur verið í veikindaleyfi frá því í lok ágúst, 100% veikindaleyfi í september og október á síðasta ári og í 50% veikindaleyfi í nóvember og desember og í janúar, febrúar, mars og apríl var hann í 30% veikindaleyfi og verður það áfram í maí.

### Helstu verkefni

- Hjá félagspjónustunni eru nokkur umfangsmikil einstaklingsmál sem þurfa stöðuga eftirfylgni og þar með sinn tíma en eru þó breytileg milli mánaða.
- Starfsmannamál hafa verið á dagskrá, sem endranær, þar sem nokkrar breytingar hafa verið að eiga sér stað í haust og ný verkefni að bætast við. Nú er byrjað að auglýsa sumarstörf á Reykhólum, stuðningsþjónustu og á skammtímvistun fyrir fatlaða stúlku. Það hefur ennþá ekki náðst að manna þessi störf og einnig vantar starfsmann í að sinna atvinnu með stuðningi á Hólmavík í sumar.
- Ýmis erindi og upplýsingar berast reglulega frá stjórnsýslunni og það fer mikill tími í að sinna þeim.
- Öðrum verkefnum félagspjónustunnar hefur enn fremur verið sinnt eftir því sem á hefur þurft að halda hverju sinni.

### Verkefni framundan

- Ýmsar breytingar hjá Félagspjónustunni og reglulegir fundir vegna þess, þessar breytingar snerta farsældarfrumvarpið, barnaverndina, BsVest og hugsanlega sameiningu Strandabyggðar við önnur sveitarfélög. Félagsmálastjóra finnst þessar breytingar erfiðar, sérstaklega þar sem þær eru mjög margþættar og óljóst hvernig og hvaða áhrif þær munu hafa á starfsemi Félagspjónustunnar.
- Fundur með BOFS vegna innleiðingu farsældarlaganna verður þann 10.5 kl. 13.30.
- Heimsóknir til eldri borgara og fatlaðra á félagspjónustusvæðinu byrjuðu í febrúar. Félagsmálastjóri, Hjördís, starfsmaður félagspjónustu og Kristín hjúkrunarfræðngur fara sama í þessar heimsóknir og meta þörf fyrir heimaþjónustu og/eða aðra aðstoð. Þessar heimsóknir eru á tveggja vikna fresti. Farið verður í heimsókn þann 10.05.23 til tveggja kvenna á Hólmavík, með þeim heimsóknum er búið að heimsækja 9 manns á Hólmavík og nágrenni.

Soffía Guðrún Guðmundsdóttir, félagsmálastjóri